



Jökularannsóknafélag Íslands

Fréttabréf

Nr. 62

Júní 1997

HELGARFERÐ Á SNÆFELLSNES

Jökularannsóknafélag Íslands efnir til skoðunarferðar umhverfis Snæfellsjökul helgina 5. og 6. júlí 1997. Farið verður af stað kl. 8 á laugarmorgun 5. júlí frá Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónssonar. Gist verður á tjaldstæði. Ferðar- og gistikostnaður er 3.300 kr. Nesti þurfa menn að hafa með sér svo og svefnpoka og tjald að sjálfsögðu. Hægt er að fá lánað stórt grill á staðnum þannig að hver maður komist með sinn mat á glóðirnar. Þátttaka tilkynnist Finni Pálssyni (síma v.525-4936/h.551-5383) eða Þórdísi Högnadóttur (síma v.525-4941/h.557-1724) í síðasta lagi miðvikudaginn 2. júlí 1997.

HELGARFERÐ UMHVERFIS SNÆFELLSJÖKUL

Á fræðslufundi 29. apríl s.l. voru sýndar myndir frá Snæfellsnesi og Snæfellsjökli í tilefni þess að Jöklarannsóknafélag Íslands ætlaði skoðunarferðar þangað helgina 5. og 6. júlí 1997. Lagt verður af stað snemma á laugarmorgun 5. júlí frá Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónssonar og ekið sem leið liggur vestur á Snæfellsnes. Í Breiðuvík kemur til liðs við okkur Hallsteinn Haraldsson bóndi í Gröf. Hann hefur lengi stundað mælingar á Hyrningsjökli í Snæfellsjökli fyrir hönd félagsins og tók hann við þeim starfa af föður sínum, Haraldi Jónssyni, fyrir hart nær aldarfjórðungi. Haraldur var kunnur fræðigrúskari, einkum fróður um Svein Pálsson náttúrufræðing og lækni. Hallsteinn mun segja okkur til leiðar upp á Jökulháls og að rönd jökulsins þar sem hann er öðrum mönnum kunnugri.

Eftir gistingu á Arnarstapa verður farið á sunnudeginum og skoðaðar söguslóðir undir Jökli en þar er af nógu að taka. Sjá má „Búrfell og Bala báða Lóndranga, Aðalþegnshóla og Öndvertnes, Heiðarkollu og Hreggnasa, Dritvík og möl" og verður þá hver sæll. Komið verður til Reykjavíkur aftur kl. 19 á sunnudegi.

Á Arnarstapa er ágætt tjaldstæði og stórbrotið umhverfi til skoðunar fyrir og eftir svefninn. Nesti þurfa menn að hafa með sér svo og svefnpoka. Stórt grill verður til sameiginlegra nota. Ekki verður ofbrýnt fyrir fólki að búa sig vel til ferða og muna eftir hlífðarfatnaði.

Oddur Sigurðsson